
IGNIS
SUZUKI
Way of Life!
IGNIS


IGNIS



# Hinn eini og sanni smá-jepplingur

Farðu þínar eigin leiðir. Kynnstu hinum eina og sanna smájepplingi. Ökutæki með djarfri og áberandi hönnun og notagildi sem gerir hann einstakan. Sestu undir stýri og aktu af stað. Gerðu hverja ferð að ævintýri.


IGNIS



# Fullgildur í borginni



Ignis er hannaður fyrir borgarakstur og er hinn fullkomni valkostur borgarbúans. Ignis er smár í sniðum og lipur í snúningum í þrengslum borgarinnar. Útlitið sver sig í ætt jepplinga og akstursgetan sömuleiðis. Fyrir vikið er borgaraksturinn skemmtilegri en nokkru sinni áður.


IGNIS
IGNIS



# Tímamóta-hönnun




Ignis fangar athyglina með djarfri hönnun. Búðu þig undir störur. Sterk nærvera hans og einstakur karakter blasir við frá öllum sjónarhornum. Ekki síður en útlitseinkenni yfirbyggingar og frísklegir litir. Láttu þér ekki duga að komast á milli staða. Gerðu það með glæsileika.





# Smár í sniðum en rúmgóður

Láttu ekki blekkjast af stærðinni. Ignis státar af miklu og fjölbreytilegu farangursrými. Hann er fullkominn ferðafélagi í helgarferðina.



Aftursæti í uppréttri stöðu



Aftursæti niðurfelld að hluta



Bæði aftursæti niðurfelld

## Fjölhæft farangursrými fyrir allan farangurinn.

Ignis er með 505 l* farangursrými þegar aftursæti eru niðurfelld. Aftursætisbökin eru niðurfellanleg í hlutföllunum 60:40, einnig úr farangursrýminu. Með því að fella þau niður myndast rými fyrir farangur af margvíslegu tagi.

*Mælt samkvæmt VDA aðferð Samtaka þýska bifreiðaiðnaðarins.
*Hlutum er lauslega komið fyrir í farangursrýminu til að sýna notkunargildi þess en þá ætti að festa með öruggum hætti meðan á akstri stendur.





# Glæsilegt innanrými

Innanrými Ignis einkennist af flæðandi línum og hágæða frágangi ásamt líflegu litavali sem smellpassar inn í lífstíl borgarinnar.



## Hljómtækja- og tengiskjár fyrir snjallsíma (SLDA)

(Valbúnaður með GLX)

Hljómtækjunum fylgir snertiskjár með svipaðri virkni og í snjallsíma. Tengdu snjallsímann í gegnum Bluetooth®* eða með USB snúru og notaðu öppin þín á skjánum. Skjárinn er einnig með aðgerðum fyrir útvarp, bakkmyndavél og leiðsögukerfi.*

* Bluetooth er skráð vörumerki Bluetooth SIG, Inc.
* Ítarlegri upplýsingar um fáanlegan búnað er að finna í lista yfir helsta búnað.



Works with Apple CarPlay

Með Apple CarPlay geturðu hringt úr iPhone snjallsímanum þínum, spilað tónlist, sent og tekið á móti skilaboðum og notið leiðsagnar með raddskipunum í gegnum Siri eða með því að snerta skjáinn.

Apple CarPlay er í boði í þeim löndum sem eru á lista á eftirfarandi hlekk:
http://www.apple.com/ios/feature-availability/#applecarplay-applecarplay
*Nánari upplýsingar, þar á meðal um iPhone gerðir sem samhæfðar eru Apple CarPlay, er að finna hér:
http://www.apple.com/ios/carplay/
*Apple, Apple CarPlay og iPhone eru vörumerki Apple Inc., skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.



androidauto

Android Auto™ styður notkun Android tækja inni í bílnum með þeim hætti sem er sérsniðinn fyrir akstur. Kerfið er hannað til að valda sem minnstri truflun þannig að ökumaður getur einbeitt sér að akstrinum og um leið notið þjónustu eins og Google Maps og Google Play Music. Android Auto appið er fáanlegt í Google Play Store*.

*Android Auto er í boði í þeim löndum sem er að finna á eftirfarandi hlekk:
https://www.android.com/auto/faq/
*Android Auto styður flesta snjallsíma með Android 5.0+:
https://support.google.com/androidauto/answer/6348019?hl=en&ref_topic=6140477
*Google, Android, Google Play og Android Auto eru vörumerki Google LLC.



MirrorLink

MirrorLink birtir hin ýmsu notendaforrit snjallsímans á snertiskjá bílsins sem opnar aðgengi að aðgerðum snjallsímans.

*MirrorLink™ er samhæft þeim snjallsímum sem er að finna á eftirfarandi hlekk:
https://mirrorlink.com/phones
*MirrorLink™ er skráð vörumerki Car Connectivity Consortium LLC.



## Mælaborð

Upplýsingaskjár innfelldur í nútímalegt mælaborðið upplýsir ökumann um grundvallarhluti eins og eldsneytis-sparnað, útihitastig, tíma, eldsneytis-notkun og akstursdrægi. Með aðgerðarofum á stýri og við hlið ökumælaklasans má velja hvaða upplýsingar birtast á skjánum.



## Stjórnrofar fyrir hljómtæki

Á stýrinu eru notendavænir aðgerðarofar til að stýra hljómstyrk, stillingum eins og útvarpi og Bluetooth®, og handfrjálsri notkun síma.



## Úrval lita

Það er samspil í svörtum og hvítum andstæðum mælaborðsins og það skilar sér í áhrifaríkri heildarmynd. Málmgrár og blár áherslulitur á miðjustokki og hurðahöldum ljá innanrýminu fágað yfirbragð.

* Áherslulitir eru mismunandi og ráðast af lit á yfirbyggingu.


IGNIS



# Afburða akstурs-eiginleikar

Ignis er með snarpri aflrás og brekku- og niður-akstursvara sem gerir aksturinn spennandi á ný.



### 1.2 lítra bensínvél

1,2 lítra bensínvélin samtvinnar tvo eftirsóknarverða kosti; mikla afkasta-getu og mikla sparneytni. Þrátt fyrir lítið slagrými nýtast kostir hærra þjöppunarhlutfalls í meiri varmanýtni sem skilar meira viðbragði í akstri. Aukin kæligeta vélarinnar dregur úr vélarbanki sem oft er fylgifiskur hærra þjöppunarhlutfalls.
Bruni vélarinnar hefur verið hámark-aður, dregið úr núningi og vélin gerð léttari og minni sem skilar hámarks sparneytni án þess að afköstum og togi sé fórnað.



### 5 gíra beinskipting

Gírkassinn er hannaður fyrir hámarks skilvirkni aflrásarinnar og býður upp á hnökralausar og þægilegar skiptingar.



### Fjöðrun

Fjöðrunin er léttbyggð með stífri uppsetningu. Hún gleypir í sig allar ójöfnur sem skilar þýðum og þægilegum aksturseiginleigum. Fyrir vikið býr bíllinn líka yfir stýringu sem einkennist af léttleika, nákvæmni, stöðugleika og svörun í akstri.






### Léttbyggður og stífur HEARTECT undirvagn

Mjúkleg sveigja á grindinni eykur stífleika undirvagnsins. Þetta skilar afburða aksturseiginleikum og um leið aukinni árekstrarvörn með skilvirkri átaksdreifingu. Þótt undirvagninn sé ætlaður fyrir lítinn jeppling er íhlutum komið fyrir í honum á einkar haganlegan hátt. Þetta skilar sér í þægilega rúmgóðu farþegarými og ríkulegu farangursrými.



### Hraðastillir

(Staðalbúnaður með GLX)

Með hraðastillinum viðheldur bíllinn völdum hraða með sjálfvirkum hætti án þess að ökumaður þurfi að stíga á inngjöfina. Búnaðurinn dregur úr þreytu ökumanns þegar ekið er á miklum hraða eða langar leiðir. Búnaðurinn stuðlar einnig að aukinni sparneytni því ekki þarf að hraða bílnum eða hægja á honum að óþörfu.





# Hátt skemmtigildi og notagildi

Fjölhæfur, notadrjúgur, gagn-legur. Það er meira í Ignis spunnið en virðist í fyrstu.

## Mikið innanrými

Ignis státar af ríkulegu innanrými. Vélarrýmið er fyrirferðalítið sem eykur plássið fyrir farþega í fram- og aftursætum.



## Hagkvæmar geymsluhirslur, einfaldar í notkun














1. Hanskahólf
2. Bakki við miðjustokk og glasahaldarar
3. Geymsluvasar og flöskuhaldarar í framhurðum
4. Flöskuhaldarar í afturhurðum
5. Glasahaldari í aftanverðum miðjustokki

## Sætahæð fyrir aukin þægindi

Hærri sætastaða auðveldar inn- og útstig og veitir um leið meiri yfirsýn úr bílnum.




## Mikil veghæð

Veghæð Ignis er 180 mm sem gefur honum jeppalegt útlit þrátt fyrir lítil stærðarhlutföll.




## Afburða lipur í snúningum og mikil akstursgeta

Beygjuhringur Ignis er að lágmarki 4,7 m. Hann er þess vegna lipur í snúningum í þrengslum og á bílastæðum. Stórir hjólbarðar og mikil veghæð tryggja öruggan akstur í ójöfnum eða á holóttum vegum.







IGNIS



# Sérvaldir aukahlutir

Ljáðu Ignis einstakt yfirbragð.

## Meira jeppaútlit

Aukahlutir á yfirbyggingu sem gefa Ignis kraftalegra jeppaútlit.







*Með 16 tommu pússuðum álfelgum, skrautlímingum á hliðum (stórar), vindskeið á þaki, skrautlímingum á vélarhlíf og mótað króm" á afturhlera.

## Áherslulitir

Samræmdu liti á yfirbyggingu og innanrými og gerðu Ignis persónulegri.




Blár perlulitur (QQD)



Rauður (ZNB)



Appelsínugulur perlumálmlitur (ZWD)



Hvítur (26U)

*Með lituðu grilli, hliðarspeglahúsum, skrautlímingar á hjól og hliðar yfirbyggingar.



Blár perlulitur (QQD)



Rauður (ZNB)



Appelsínugulur málmlitur (QCW)



Grár málmlitur (PSG)

*Með A/C loftrist fyrir miðju, hringloftristum til hliða, útlitsáhrifum á miðjustokki og dyrahöldum í innanrými.


IGNIS



# Njóttu hverrar stundar

Í hvert sinn sem þú ekur Ignis breytist borgin í stað þar sem ævintýrin gerast. Þú munt upplifa skemmtilegan persónuleika Ignis í hvert sinn sem þú ræsir vélina og þegar þú ert lagður af stað viltu helst aldrei stöðva. Láttu því drauminn rætast og njóttu lystisemdanna. Ignis sér til þess að ferðin verður eftirminnileg hvert sem leiðin liggur.

# GLX











Drapplitaður perlumálmlitur

# GL









Gulur málmlitur



## Litir á yfirbyggingu




Drapplitaður perlumálmlitur




Gulur málmlitur




Grænn perlumálmlitur




Hvítur perlulitur




Silfur málmlitur




Svartur perlulitur




Rauður málmlitur




Appelsínugulur málmlitur




Blár málmlitur




Himinblár málmlitur




Grár málmlitur

## Litir á yfirbyggingu (tveir litatónar)



Drapplitaður perlumálmlitur



Gulur málmlitur



Grænn perlumálmlitur



Hvítur perlulitur



Rauður málmlitur



Appelsínugulur perlumálmlitur



Himinblár málmlitur

### Litir í innanrými










### Litasamsetningar

| Litir á yfirbyggingu | | Drapplitaður perlumálmlitur | Gulur málmlitur | Grænn perlumálmlitur | Hvítur perlulitur | Silfur málmlitur | Svartur málmlitur | Rauður málmlitur | Appelsínugulur perlumálmlitur | Blár málmlitur | Himinblár málmlitur | Grár málmlitur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Litakóðar | | ZYL | ZYK | ZZL | ZVR | ZNC | ZMV | ZNB | ZWD | ZWG | ZWC | ZMW |
| Tveggja tóna litakóðar | | DWY | C7B | DWZ | CA1 | - | - | CFH | CFK | - | CFJ | - |
| Litir í innanrými | GLX | Grár | Grár | Grár | Blár | Blár | Blár | Grár | Grár | Blár | Grár | Blár |
| | GL | Svartur | Svartur | Svartur | Svartur | Svartur | Svartur | Svartur | Svartur | Svartur | Svartur | Svartur |

# Helsti búnaður

| Vél | | Bensínvél | |
|---|---|---|---|
| | | 1,2 l (K12M) | |
| Drifrás | | 2WD | |
| Gírskipting | | 5bs/CVT | |
| Útfærsla | | GL | GLX |
| **UNDIRVAGN** | | | |
| Hjólbarðar og felgur | 175/65R15 + stálfelgur með hjólkoppum | S | - |
| | 175/60R16 + álfelgur | V | S |
| Varahjól og felga | 135/70R15 + stálfelgur (einungis fyrir tímabundna notkun) | S | S |
| **YFIRBYGGING** | | | |
| Stærri hjólaskálar | | - | S |
| Langbogar á þaki | | - | S |
| Fram- og afturstuðarar | Samlitir | S | S |
| Vatnskassahlíf | Svört með krómi | S | S |
| Hurðaopnarar að utanverðu | Samlitir | S | S |
| Svartir A- og B-hurðapóstar | | S | S |
| Opnun á afturhlera | Handfang, opnun að innanverðu | S | S |
| **ÚTSÝNI** | | | |
| Aðalljós | Halogen fjölspegla | S | - |
| | LED | - | S |
| Hæðarstilling á aðalljósum | Handstýrð | - | S |
| Sjálfvirk ljós | | - | S |
| Þokuljós | Að framan (halogen) | S | S |
| Stöðuljós | Staðalbúnaður | S | - |
| | LED | - | S |
| Grænskyggðar rúður | | S | S |
| Dökkskyggðar rúður | Rúður í afturhurðum og afturhlera | V | V |
| Rúðuþurrkur | Framan: 2ja hraða (hægt, hratt) + slitrótt + rúðusprauta | S | S |
| | Aftan: 1 hraði + rúðusprauta | S | S |
| Móðueyðing afturrúðu | | S | S |
| Hliðarspeglar | Samlitir | S | S |
| | Rafstýrðir | S | S |
| Dag / nætur baksýnisspegill | Handstýrð dimmun | S | S |
| **STÝRI OG MÆLABORÐ** | | | |
| 3ja arma stýri | Úreþan | S | - |
| | Leðurklætt | - | S |
| | Með hljómtækjarofum | S | S |
| | Með hraðastilli | - | S |
| | Með handfrjálsri símaaðgerð | V[1] | S |
| | Með veltistillingu | S | S |
| Aflstýri | | S | S |
| Hraðamælir | | - | S |
| Upplýsingaskjár | Stafræn klukka | S | S |
| | Útihitamælir | S | S |
| | Eldsneytismælir (rauntíma/meðaltal) | S | S |
| | Akstursdrægi | S | S |
| | Meðalhraði | S | S |
| | Gírval (CVT) | S | S |
| Áminning um ljós og lykil | Hljóðmerki | S | S |
| Áminning um sætisbelti ökumanns | Ljós- og hljóðmerki | S | S |
| Áminning um sætisbelti farþega | Ljós- og hljóðmerki | S | S |
| Áminning um hurðalokun | Ljósmerki | S | S |
| Áminning um eldsneytisstöðu | Ljósmerki | S | S |
| Baklýsing ökumæla | | - | S |
| Litur mælaborðs | Svart | S | - |
| | Svart með hvítum áherslulit | - | S |
| Miðju- og hliðaloftristar | Svartar | S | - |
| | Silfurlitar | - | S |
| **ÞÆGINDI** | | | |
| Rafstýrðar rúður | Framan | S | S |
| | Aftan | - | S |
| Samlæsing | Rofi bílstjóramegin | S | S |
| Fjarstýrðar samlæsingar | Með svörun frá neyðarljósum | S | S |
| Loftfrískunarkerfi | Handvirkt | S | - |
| | Sjálfvirkt | - | S |
| Miðstöð | | S | S |
| Frjókornasía | | S | S |
| Hljómtæki | Loftnet | S | S |
| | Hátalarar x 2 | S | - |
| | Hátalarar x 4 | - | S |
| | Hátíðnihátalarar x 2 | - | S |
| | MP3 samhæfður CD player + Bluetooth®* | V[1] | V[1] |
| | Snjallsímatenging á hljómtækjaskjá + Bluetooth®* + bakkmyndavél | - | V[2] |
| Hraðastillir | | - | S |

| Vél | | Bensínvél | |
|---|---|---|---|
| | | 1,2 l (K12M) | |
| Drifrás | | 2WD | |
| Gírskipting | | 5bs/CVT | |
| Útfærsla | | GL | GLX |
| **INNANRÝMI** | | | |
| Ljós í farþegarými | Ljós við framsæti (3 stillingar) | S | S |
| Sólskyggni | Fyrir ökumann | S | S |
| | með miðaklemmu | S | S |
| | með snyrtispegli | S | S |
| | Fyrir farþega | S | S |
| | með miðaklemmu | S | S |
| | með snyrtispegli | S | S |
| Höldur | Fyrir farþega | S | S |
| Glasahaldarar | Framan x 2 | S | S |
| | Aftan x 1 | S | S |
| Flöskuhaldarar | Framan x 2 | S | S |
| | Aftan x 2 | S | S |
| Neðri hirsla í miðjustokki | | S | S |
| Skreyting á miðjustokki | Efni | S | - |
| | Blátt** | - | S |
| | Gunmetal grátt** | - | S |
| Gírhnúður | Svartur | S | - |
| | Silfurlitur | - | S |
| Hnúður á handbremsu | Svartur | S | - |
| | Króm | - | S |
| USB innstunga | Mælaborð | V[1] | V[1-2] |
| 12V innstunga | Mælaborð | S | S |
| Skreyting á USB og 12V innstungu | Svört | S | - |
| | Króm | - | S |
| Fótahvíla | Fyrir ökumann | S | S |
| Fjaropnun á eldsneytisloki | | S | S |
| Skreyting við fram- og afturhurðir | Svört | S | S |
| Innanverðir hurðahúnar | Svartir | S | - |
| | Króm | - | S |
| Hurðahöldur | Svartar | S | - |
| | Bláar** | - | S |
| | Gunmetal grár** | - | S |
| Geymsluvasar | Framhurðir | S | S |
| **SÆTI** | | | |
| Framsæti | Hæðarstilling (bílstjórasæti) | - | S |
| | Vasi í sætisbaki (farþegasæti) | - | S |
| Aftursæti | 60:40-split niðurfelling | S | S |
| | Hnakkapúðar x 3 | S | S |
| Sætisáklæði | Tauáklæði | S | - |
| | Tauáklæði með dökkbláum saumum** | - | S |
| | Tauáklæði með silfurlitum saumum** | - | S |
| **FARANGURSRÝMI** | | | |
| Hlíf í farangursrými | | S | S |
| Ljós í farangursrými | | S | S |
| **ÖRYGGI OG UMHVERFISHÆFNI** | | | |
| ABS með EBD aðgerð | | S | S |
| Tveir öryggispúðar að framan | | S | S |
| Ástigslosun | Hemill og kúpling | S | S |
| Öryggisbelti | Framan: 3ja punkta öryggisbelti með strekkjurum og átaksjöfnun | S | S |
| | Aftursæti: 3ja punkta öryggisbelti x 3 | S | S |
| ISOFIX festingar fyrir barnabílstóla | x2 | S | S |
| Beislafestingar fyrir barnabílstóla | x2 | S | S |
| Barnalæsing í afturhurðum | | S | S |
| Hliðarárekstrarbitar í hurðum | | S | S |
| Þjófnaðarvörn | | S | S |
| Öryggishljóðviðvörun | | S | S |
| CVT skiptilæsing | | S (CVT) | S (CVT) |
| DRL (dagljósabúnaður) | LED (innbyggt í aðalljós) | - | S |
| Hástæð hemlaljós | LED | S | S |

S : Staðalbúnaður V : Valbúnaður - : Ekki fáanlegt

V[1] - V[2]: Valinn valbúnaður

*: Bluetooth er skráð vörumerki Bluetooth SIG, Inc.
**: Háð lit á yfirbyggingu.
***: ESP er skráð vörumerki Daimler AG.
Tilgangur ESP er að aðstoða ökumann að hafa stjórn á bílnum. Engu að síður ræðst það af akstursaðstæðum hvernig hemlun hjóla er og hve mikið hemlunarátakið er.
ESP® er í grunninn stoðkerfi til að auka stöðugleika í akstri. ESP® er virkt en kemur hugsanlega ekki að miklu gagni þegar aðstæður eru með þeim hætti að grip hjólbarða og vegyfirborðs er með minnsta móti.

# Helstu tækniatriði

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi dyra | | | 5 dyra | |
| Vél | | | Bensínvél | |
| | | | 1,2 l | |
| Drifrás | | | 2WD | |
| **MÁL** | | | | |
| Lengd | | mm | 3,700 | |
| Breidd | | mm | 1.660 (GL), 1.690 (GLX) | |
| Hæð | | mm | 1.605 | |
| Hjólhaf | | mm | 2.435 | |
| Sporvídd | Framan | mm | 1.460 | |
| | Aftan | mm | 1.470 | |
| Lágmarks beygjuhringur *1 | | m | 4,7 | |
| Lágmarks veghæð | | mm | 180 | |
| **RÝMI** | | | | |
| Farþegar | | fjöldi | 5 | |
| Eldsneytistankur | | lítrar | 32 | |
| Farangursrými *1 | Hámarks rými | lítrar | 1.101 | |
| | Aftursætisbök niðurfelld (VDA aðferð) | lítrar | 505 | |
| | Aftursætisbök í uppréttri stöðu (VDA aðferð) | lítrar | 271 | |
| **VÉL** | | | | |
| Gerð | | | K12M | |
| Fjöldi strokka | | | 4 | |
| Fjöldi ventla | | | 16 | |
| Rúmtak vélar | | cm3 | 1.197 | |
| Borvídd x slaglengd | | mm | 73,0 x 71,5 | |
| Þjöppunarhlutfall | | | 11,0 | |
| Hámarks afköst | | kW/sn.mín | 61/6,000 | |
| Hámarks tog | | N·m/sn.mín | 113/4,200 | |
| Eldsneytisinnsprautun | | | Fjölinnsprautun | |
| **GÍRSKIPTING** | | | | |
| Gerð | | | 5bs | CVT |
| Gírhlutföll | 1. | | 3.545 | 4.006 ~ 0.550 (LÁGT:4.006 ~ 1.001, HÁTT:2.200 ~ 0.550) |
| | 2. | | 1.904 | |
| | 3. | | 1.240 | |
| | 4. | | 0.914 | |
| | 5. | | 0.717 | |
| | Bakkgír | | 3.272 | 3.771 |
| Loka gírhlutfall | | | 4.388 | 3.757 |
| **UNDIRVAGN** | | | | |
| Stýri | | | Tannstangarstýri | |
| Hemlar | Framan | | Kældir diskar | |
| | Aftan | | Skálabremsur | |
| Fjöðrun | Framan | | MacPherson gormar | |
| | Aftan | | Snerilfjöðrun með gormum | |
| Hjólbarðar | | | 175/65R15, 175/60R16 | |
| **VOG** | | | | |
| Eigin þyngd (lágm./fullbúinn) | | kg | 825 / 850 | 855 / 880 |
| Heildarþyngd | | kg | 1.330 | |
| **AFKÖST** | | | | |
| Hámarkshraði *1 | | km/klst | 170 | 160 |
| 0-100 km/klst *1 | | sek | TBD | |

Útlistanir geta verið mismunandi milli markaða.
*1 Gögn framleiðanda













(mm)

Way of Life!

www.suzuki.is

**Kjörorð Suzuki, „Way of Life“, er kjarninn í vörumerki okkar – öll Suzuki ökutæki, vélhjól og utanborðsmótorar eru framleiddir með það fyrir augum að vekja spennu og auðvelda viðskiptavinum okkar að njóta lífsins.**







Staðalbúnaður og valbúnaður sem í boði er getur verið breytilegur milli markaða. Vinsamlega leitið upplýsinga hjá umboðsaðila því tæknilýsingar og myndlýsingar geta átt við gerðir sem eru ekki í boði á þínu markaðssvæði. SUZUKI MOTOR CORPORATION áskilur sér rétt til breytinga án fyrirvara á verði, litum, efnisvali, búnaði, tæknibúnaði, gerðum og að hætta framleiðslu gerða. Viðeigandi leyfi eru fyrir öllum ljósmyndum sem birtast í bæklingnum.

Myndir af ökutækjum án skráningarnúmera á almenningsvegum eru samsettar. Nánari upplýsingar á www.suzuki.is

**SUZUKI BÍLAR HF**

Skeifunni 17, 108 Reykjavík | Sími 568 5100 | suzuki.is

IGNIS BROCHURE (G)
99999-B1C02-001

IGNIS SPEC AND EQUIPMENT SHEET (G)
99999-BBC02-001